

Ársskýrsla framkvæmdastjórnar FENÚR fyrir starfsárið 2005 -2006 (flutt af EÓ á aðalfundi 31. mars 2006 að Básum í Ölfusi)

Góðir aðalfundargestir. Að loknum síðasta aðalfundi FENÚR sem haldinn var 1. apríl 2005 í Reykjavík skipti stjórnin með sér verkum á eftirfarandi hátt:

Formaður hafði verið kosinn sérstaklega á aðalfundinum en önnur verkaskipting varð þessi:

Varaformaður Pétur Bjarnason,
ritari Guðmundur Tryggvi Ólafsson
gjaldkeri Ragna Halldórsdóttir
meðstjórnandi Úlfar Haraldsson

Stjórnin hélt 9 fundi á starfsárinu og voru aðalmenn og varamenn í stjórn boðaðar á alla fundina. Fundargerðir þessara funda liggja fyrir.

Eftir aðalfundinn í fyrra var haldin ráðstefna eins og venja hefur verið frá stofnun félagsins.

Ráðstefnan bar yfirskriftina "Hvernig miðar í úrgangsstjórnun" og mátti skoða sem nokkurs konar stöðumat. Ýmislegt markvert kom fram í framsöguræðum en menn biðu þó í einna mestri eftirvæntingu að heyra frá framkvæmdastjóra Úrvinnslusjóðs hve mikið yrði greitt með bylgjupappa og plastfilmu og hvernig greiðslum yrði hagað en skilmálar vegna bylgjupappa og plastfilmu (þ.e. svokallaðra flutningsumbúða) voru gefnir út 1. apríl í fyrra. Nokkurrar gagnrýni gætti þá á tilhögun greiðslna þar sem ekki var gert ráð fyrir flutningstilleggi eða flutningsjöfnun eins og úrvinnslusjóður nefnir greiðsluna.

Nú nýlega eða 1. mars sl hefur Úrvinnslusjóður gefið út nýja skilmála, um endurnýtingu umbúða úr pappa og plasti, fyrir þjónustu- og ráðstöfunaraðila. Skilmálarnir eru nú í tvennu lagi og koma í stað skilmála fyrir endurnýtingu flutningsumbúða úr bylgjupappa og plastfilmu sem gefnir voru út 1. apríl 2005. Skilmálarnir taka til allra umbúða úr pappa og plasti (þó ekki heyrúlluplasti) en ekki einungis flutningsumbúða eins og áður var.

Flutningsjöfnunargreiðslur eru nýjung í þessum skilmálum en eiga sér fyrirmyns m.a. varðandi spilliefni. Greitt verður fyrir

flutning hvers kíló umbúða frá upprunastað til Reykjavíkur samkvæmt sérstakri gjaldskrá.

Annars vegar voru gefnir út skilmálar fyrir endurnýtingu umbúða úr plastfilmu, stífu plasti og öðru plasti og hins vegar skilmálar fyrir endurnýtingu umbúða úr bylgjupappa, sléttum pappa og pappír.

Með þessum skilmálum sem hvíla á lögum um úrvinnslugjald frá 2002 og breytingum á þeim lögum frá desember 2004 má segja að allar umbúðir um pappír, pappa og plasti séu felldar undir úrvinnslusjóð og verða það að teljast nokkur tíðindi í úrvinnslu- og endurvinnslumálum Íslendinga. Telja má víst að tilkoma laga um úrvinnslusjóðs og rekstur sjóðsins gefi öllum tækifæri til að gera betur en áður á svið endurvinnslu.

Reynslan verður svo að skera úr um hvernig til tekst með þessa útvíkkun en nokkur reynsla er þegar komin af reglum um hjólbarða, bylgjupappa og filmuplast heyrúlluplast og sjálfsögðu spilliefni.

Vissulega verður heildarkerfið umfangsmeira og flóknara og mun þetta valda heilmikilli og aukinni skriffinnsku hjá þjónustuaðilum, söfnunarstöðvum og ráðstöfunaraðilum sem aðilar eru þó tilbúnir að leggja á sig til að gera kerfið skilvirkt, rekjanlegt og gegnsætt og auðvelt í eftirliti svo misnotkun verði útilokuð. Slíkt eftirlit og skráning er nauðsynleg til að skapa traust á kerfinu og koma í veg fyrir misnotkun þess. Aðilar sem, að þessu koma bæði opinberir aðilar og aðilar á markaði þurfa því að skapa jákvæða strauma um kerfi Úrvinnslusjóðs ekki síst út á við þannig að allir átti sig á ávinningnum sem kerfið skilar í endurvinnslu. Vafalaust má finna sitthvað að þessari aðferð sem Úrvinnslusjóður beitir og má nefna að ýmsum finnst það þungt í vöfum en að mínu viti og stjórnar FENÚR hefur í heild vel til tekist.

Í stað þess að halda haustráðstefnu eins og venja hefur verið til var ákveðið að efna til ferðar til Bretlands 14. til 18. september sl. Og hófst undirbúningur strax að loknum síðasta aðalfundi og stóð fram á haust.

Undirtektir voru góðar og fóru 34 manns í ferðina auk þess sem fleiri slógust í hópinn hluta af ferðinni. Farið var á árlega umhverfissýningu í Birmingham og í sérstaka heimsókn til

Leicester þar sem skoðuð var nýstárleg móttökustöð fyrir almennt sorp sem rekin er af fyrirtækinu Biffa sem er eitt stærsta fyrirtækið á þessu sviði í Bretlandi. Á leið til London var síðan skoðaður urðunarstaður með gasvinnslu á vegum Biffa sem starfræktur hefur verið um árabil en stendur til að loka fljótlega. Starfsmenn Biffa tóku afar vel á móti okkur og eiga þakkir skildar en þeir lögðu sig mjög fram á undirbúningstímanum að þessi skoðunarferð gæti tekist vel. Í heild tókst þessi ferð vel þrátt fyrir svolítil vandræði með hótél í Birmingham og ríkti almenn ánægja í hópnum með ferðina.

FENÚR gaf út fréttablað á rafrænu formi í desember þar sem einkum var gerð grein fyrir ferðinni bæði í máli og myndum.

Heimasíða FENÚR (fenur.is) var starfrækt og er þægilegt tæki til að hafa samband við félagsmenn og aðra þá sem hafa áhuga á málaflokknum. Inn á síðuna hafa safnast ýmiss konar fróðleikur sem á að geta nýst ýmsum í nútíð og framtíð. Við höfum ekki gripið til þess ráðs sem ýmiss samtök nota að vera með sérstaka aðgangsstýringu amk fyrir hluta af efninu, þar sem aðeins skuldlausir félagsmenn geta fengið aðgang. Við höfum sem sagt viljað útbreiða fagnaðarerindið sem víðast og veit ég til að efni síðunnar er m.a. notað í skólum. Á síðunni er nú að finna ýmsan fróðleik um FENÚR og almennan fróðleik um úrgangsmál en auk þess er auðvelt að tengjast öðrum skyldum heimasíðum. Félagsmenn mættu gjarnan senda stjórn félagsins sem það telur að geti átt erinda inn á síðuna. Sem fyrr vann Gyða Björnsdóttir hjá Sorpu mest að uppfærslu og fl. sem tengist síðunni.

Virknir starfshópa á vegum félagsins hefur verið lítil sem engin. Ekki hefur tekist að blása lífi í starfhópana þetta árið og kemur þar margt til. Ráðgjafastjórn samtakanna og hefur hún því verið óvirk í mörg ár og er þörf á að breyta samþykktum félagsins þannig að þær falli betur að þeim raunverulegu aðstæðum sem ríkja í okkar starfsumhverfi. Liggur hér fyrir tillaga þar að lútandi sem skoðast sem undirbúningur væntanlegra breytinga.

Björn Halldórsson tók þátt í árlegum fundi NAF (Nordisk Affald forening) og fleiri samráðsfundum en þetta eru fremur óformlegir fundir félaga á borð við FENÚR á Norðurlöndum.

Kostnaður af þessum fundum hefur verið greiddur af Sorpu án þátttöku FENÚR auk þess sem Björn hefur fengið leyfi frá störfum sínum hjá Sorpu til að sækja fundina og kunnum við Sorpu bestu þakkir fyrir.

Formaður FENÚR sótti aðalfund ISWA í Buones Aires en það eru í raun einu alþjóðalegu samtökin sem FENÚR á fulla formlega aðild að.

Þó langt hafi verið að fara (en 16 tíma flug er frá London til Buones Aires) var ákveðið að fara á aðalfundinn og ráðstefnuna enda nefna fulltrúar fjarlæggra þjóða það stundum að Evrópubúum finnst langt að ferðast til annarra heimsálfa en geri þó alltaf ráð fyrir að aðrir sæki ráðstefnur og fundi til Evrópu. Ferðin var að hluta kostuð með sértökum 100 þús kr styrk frá Umhverfisstofnun og stuðningi frá Gámaþjónustunni hf.

Á vegum ISWA sem hafa aðalskrifstofu í Kaupmannahöfn eru starfandi nokkrir starfshópar sem full ástæða er til að benda á og hvetja menn til að taka þátt í starfi þeirra. Sorpa hefur m.a. um skeið átt fulltrúa í einum þessara hópa. ISWA vinnur gríðarlega merkilegt starf og má í því sambandi benda á heimasíðuna ISWA.org. Einkum er þetta sjálfbóðaliðsstarf í starfhópum en samtökin hafa auk þess nokkra starfsmenn á skrifstofunni í Kaupmannahöfn og er heildarvelta samtakanna rúmlega 6 milljónir danskra kr. Til samtakanna teljast tæplega 1000 aðilar , fyrirtæki af ýmsum gerðum, samtök,sveitafélög og ýmis svæðisyfirvöld í 36 löndum í öllu heimsálfum.

Næsti aðlafundur ISWA verður í Kaupmannahöfn 1. til 5. október nk. og hefur það verið rætt í stjórn FENÚR að efna til hópferðar að því tilefni en ráðstefnur í tengslum við aðalfundina eru líklega þær bestu sem völ er á á þessum vettvangi. Auk þess er sýning í tengslum við ráðstefnuna í Bella Center.

FENÚR hefur haldið áfram að annast að láta framleiða og selja límmerki sem sýna hin ýmsu úrgangsflokka. Notkun merkjanna hefur farið hægt og bítandi vaxandi og telja flestir að vel hafi tekist til þegar á heildina er litið. Sala á merkjunum hefur í gegnum tíðina gefið FENÚR nokkrar tekjur sem hagnað af sölnunni en þó er reynt að stilla verði þeirra í hóf til að hátt verð torveldi ekki sölna.

Stöðugt koma óskir um ný merki sem talin er þörf og stjórn FENÚR hefur reynt að verða við þeim óskum eftir því sem telja má skynsamlegt.

Starfsfólk Sorpu annast daglegan skrifstofurekstur fyrir FENÚR svo sem innheimtu félagsgjalda, færslu bókhalds, rekstur heimasíðu og sölu og útsendingu límmerkja í samræmi við samning þar um.

Stjórn FENÚR leggur til að gera lítils háttar breytingar á samþykktum félagsins og hafa þær verið sendar félagsmönnum í tölvupósti ásamt tillögu um að vinna að frekari breytingum á skipan ráðgjafastjórnar sem fyrr var getið.

Að lokum langar mig að rifja upp með ykkur helstu markmið FENÚR sem félagið setti sér við stofnun þess fyrir bráðum 8 árum

en þau eru ma:

- að stuðla að minnkun úrgangs í samfélaginu,
- að auka þróun í meðhöndlun og meðferð úrgangs,
- að vera leiðandi afl í umfjöllun um úrgang og meðferð hans,
- að vera leiðandi í öflun upplýsinga um þróun og meðferð úrgangs í heiminum og dreifa upplýsingum til félagsmanna sem og á opinberum vettvangi,
- að hafa áhrif á setningu laga og reglugerða er varða úrgang og meðhöndlun hans.

Markmiðum nær FENÚR meðal annars með því að:

- Halda uppi faglegri umræðu.
- Afla og dreifa þekkingu til félaga og yfirvalda.
- Útgáfustarfsemi.
- Ráðstefnuhaldi.
- Hvetja til og standa að þróunarverkefnum.
- Eiga góða samvinnu við aðra sem tengjast málaflokknum.
- Taka þátt í samstarfi, norrænu sem og alþjóðlegu.

Af þessari upptalningu sést að í ýmiss horn er að líta. Við sem höfum fylgst með starfi FENÚR frá upphafi og verið virkir þátttakendur hljótum að viðurkenna að ýmsu hefði mátt gera

betur en þó hafi meginmarkmiðum verið fylgt og einkum þeim leiðum beitt til að ná þeim markmiðum sem taldar voru hér upp. Næg verðug verkefni eru framundan.

Samtök okkar FENÚR okkar eru lítil í samanburði við erlend systurfélög og væntanlega verður erfitt að standa jafnfætis þeim í ýmsum efnum. Þó má segja að starfið endurspeglar mest í þeim áhuga sem félagsmenn sýna starfseminni. Það hefur verið erfitt að halda úti starfshópum eins og gert var ráð fyrir um hina ýmsu málaflokka og ber þar margt til sem ég ætla ekki að fara nánar út í hér. Ekki má gleyma því að stjórnarmenn eru störfum hlaðnir í sínum aðalstörfum en vinna samt óeigingjarnt starf fyrir FENÚR og starf þeirra fyrir FENÚR hefur notið velvilja stjórnenda þeirra fyrirtækja sem þeir starfa hjá. Fyrir það ber að þakka.

Ég hef nú gegnt formennsku í FENÚR í 3 ár og setið alls 4 ár í stjórn. Fyrir þremur árum tilkynnti ég að mín formennskutíð yrði 3 ár og í samræmi við það gef ég ekki kost á mér til formennsku á þessum aðalfundi.

Að svo mæltu þakka ég stjórnarmönnum og öllum félagsmönnum samstarfið á því starfsári sem er að ljúka og óska FENÚR alls hins besta í framtíðinni.

F. h. Framkvæmdastjórnar FENÚR

Elías Ólafsson

formaður stjórnar